

Fundargerð 44. fundar

félagsþjónustunefndar sambandsins

Árið 2019, þriðjudaginn 9. apríl kl. 12:30 kom félagsþjónustunefnd sambandsins saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Friðrik Már Sigurðsson, Heiða Björg Hilmisdóttir, Ólafur Þór Ólafsson og Rannveig Einarsdóttir.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur, Helga Guðrún Jónasdóttir samskiptastjóri og Sigrún Þórarinsdóttir félagsþjónustufulltrúi, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Karólína Gunnarsdóttir boðaði forföll.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Starfshópur um framkvæmd fjárhagsaðstoðar til framfærslu - 1712026SA

Gyða Hjartardóttir félagsráðgjafi og aðjúnkt við Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands, kom á fund nefndarinnar og fjallaði um rannsókn sína á félagsþjónustu sveitarfélaga á Íslandi með sérstaka áherslu á framkvæmd fjárhagsaðstoðar. Rannsókn Gyðu er hluti af doktorsnámi hennar við Háskóla Íslands en í rannsókn sinni hefur Gyða skoðað sérstaklega hvernig fjárhagsaðstoð sveitarfélaga á Íslandi hefur þróast frá setningu laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga, með áherslu á samfélagsþátttöku og valdeflingu.

Starfshópur sem skipaður var á vegum þáverandi velferðarráðuneytis, um framkvæmd fjárhagsaðstoðar til framfærslu, tók til starfa í upphafi árs 2018 og hefur nýlokið störfum. Verkefni hópsins var m.a. að horfa á samspil opinberra framfærslukerfa og kanna leiðir við framkvæmd fjárhagsaðstoðar sem styðja við virkni og þátttöku sem flestra með valdeflingu og notendasamráð að leiðarljósi. Félagsþjónustufulltrúi var fulltrúi sambandsins í fyrrnefndum starfshópi og kemur rannsókn Gyðu inn á marga þá þætti sem starfshópurinn skoðaði sérstaklega.

Félagsþjónustunefnd sambandsins telur mikilvægt að þegar verði hafist handa við heildarendurskoðun á VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem fjallar um fjárhagsaðstoð. Tilgangur endurskoðunar verði að uppfæra úreltan lagarammann þannig að hann skapi skýra stoð fyrir núverandi framkvæmd fjárhagsaðstoðar, þar sem byggt er á faglegri, vandaðri greiningu á aðstæðum þeirra einstaklinga og fjölskyldna sem sækja um aðstoð. Félagsþjónustan búi yfir fjölbreyttum kostum til þess að mæta ólíkum þörfum, með það að leiðarljósi að framkvæmd fjárhagsaðstoðar hvetji einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, auk þess að valdefla hann og styrkja til sjálfshjálpar, m.a. með því að skapa skilyrði til virkrar samfélagsþátttöku.

Þegar tillögur að heildarendurskoðun liggja fyrir mun félagsþjónustunefnd taka málið fyrir að nýju.

2. Verkefnisstjórn um stefnumótun/framtíðarsýn í barnavernd til ársins 2030 - 1902002SA

Lagt fram minnisblað félagsþjónustufulltrúa, dags. þann 1. febrúar 2019, um málefni barna og tillögur til breytinga á skipulagi barnaverndarstarfs. Erna Kristín Blöndal verkefnastjóri í félags- og barnamálaráðuneyti kom inn á fund nefndarinnar undir þessum dagskrárlið.

Erna Kristín fór yfir forsöguna en nú stendur til að kalla saman til fundar fulltrúa í níu mismunandi hliðarhópum sem m.a. munu fjalla um breytingar á barnaverndarlöggjöf, aðstæður barna í sérstaklega viðkvæmri stöðu, forvarnir og fyrirbyggjandi aðgerðir sem og samstarf kerfa og snemmtæk íhlutun. Mikil áhersla er innan félags- og barnamálaráðuneytis á að greina vel þjónustubarfir barna og að reglubinda þátttöku barna í formlegra ferli en verið hefur, þegar kemur að notendasamráði við börn. Rætt var um mikilvægi þess að vanda til verka á fyrstu stigum þjónustunnar sem geti bæði leitt til fjárhagslegs sparnaðar þegar til lengri tíma er litið, sem og að komið sé fyrr að málum barna sem þess þurfa áður en vandi ágerist. Mikilvægt er að stofnanir og úrræði ríkisins séu í takt við þjónustu sveitarfélaga þar sem huga þarf að gagnreyndum aðferðum og reyna að einfalda kerfið. Efla þarf grósku í málaflokknum og horfa til tæknilausna þar sem aðstæður eru mismunandi á milli landssvæða þegar kemur að þjónustu við börn og ungmenni.

Sambandið hefur átt fulltrúa í þeirri vinnu sem nú á sér stað við heildarendurskoðun á málefnum barna og fyrirhugaðar breytingar á barnaverndarlöggjöf og þakkar félagsþjónustunefnd verkefnastjóra fyrir góða kynningu og það mikla samstarf sem hefur einkennt vinnuna. Sambandið mun áfram vinna með verkefnastjórn og hefur jafnframt aðkomu að störfum þingmannamannanefndar sem skipuð var vegna málefna barna. Rætt var um aðkomu sambandsins að stýrihópi stjórnarráðsins í vinnunni og lagði félagsþjónustunefnd áherslu á meiri aðkomu sambandsins að því starfi.

Fundi var slitið kl. 14:30

Friðrik Már Sigurðsson

Heiða Björg Hilmisdóttir

Ólafur Þór Ólafsson

Rannveig Einarsdóttir